



GRINDAVÍKURBÆR

Umsögn atvinnuteymis Grindavíkurbæjar

Frumvarp til laga um tímabundinn rekstrarstuðning vegna nattúruhamfara í Grindavíkurbæ, 675. mál

Almennt

Í frumvarpinu er lagt til nýtt úrræði til að koma til móts við vanda rekstraraðila vegna jarðhræringa og eldsumbrota í Grindavíkurbæ. Gert er ráð fyrir að einstaklingar og lögaðilar sem stunduðu atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í Grindavíkurbæ þegar rýma þurfti bæinn 10. nóvember 2023, og hafa orðið fyrir a.m.k. 40% tekjufalli vegna atburðanna geti fengið rekstrarstuðning í formi beinna styrkja úr ríkissjóði samkvæmt frumvarpinu. Gert er ráð fyrir að unnt verði að fá rekstrarstuðning vegna tímabilsins nóvember 2023 til og með apríl 2024.

Frumvarpið er jákvætt skref en eins og rakið er í umsögninni kemur það að takmörkuðu gagni fyrir mörg fyrirtæki nema úrræðið verði rýmkað í samræmi við eftirfarandi hugmynd að breytingu.

Jafnframt er þörf fyrir frekari aðgerðir sem geri fyrirtækjum í Grindavík kleift að lifa af, eftir atvikum með því að laga sig að því erfiða ástandi sem nú ríkir eða með því að flytja starfsemina á annan hentugan stað. Vonir hljóta því að vera bundnar við að frumvarpið sé hluti af heildstæðari aðgerðum.

Tillaga að breytingu:

Atvinnuteymi Grindavíkurbæjar leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

- 1) að rekstrarstuðningur geti farið í að greiða laun
- 2) að rekstrarstuðningur komi ekki til útreiknings tekjufalls
- 3) að gildistími laganna verði að lágmarki til 30. júní 2024 en helst umtalsvert lengur.

Rökstuðningur um umfang stuðnings:

- ✓ Fyrirtæki sem ætla að starfa áfram og kalla starfsfólk til vinnu geta ekki nýtt sér launastuðning. Eins og bent er á í umsögn Skattsins er óljóst hvort ákvæði 3. tl. 3. gr. frv. sé einungis ætlað að útiloka að launastuðningur teljist vera hluti rekstrarkostnaðar í skilningi frumvarpsins eða hvort allur launakostnaður eigi að vera undanskilinn. Á þessu tvennu er reginmunur.
- ✓ Einnig tekur atvinnuteymi undir ábendingar Skattsins um að skýrt þarf að vera að rekstrarstuðningur reiknist ekki með við útreikning tekjufalls, sbr. 5. gr.
- ✓ Um væri að ræða stuðning sem í heild sinni gæti munað um fyrir fyrirtæki til að mæta núverandi kringumstæðum og aðlaga sig að þeim. Það verður engin aðlögun nema að fyrirtækið sé í rekstri og með starfsfólk.
- ✓ Stuðningurinn þyrfti ekki að fela í sér kostnað fyrir ríkið, þar sem útgjöld vegna launastuðnings myndu væntanlega lækka á móti.
- ✓ Stuðningsúrræði í frumvarpinu hvetur ekki til annars en að fyrirtækin hafi áfram lokað, frekar en t.d. að vinna á hálfum afköstum, á þeim tímum sem stjórnvöld telja öruggt að heimila fyrirtækjum að starfa í Grindavík.



GRINDAVÍKURBÆR

- ✓ Þar sem forsenda rekstrarstuðnings er að fyrirtæki sýni fram á rekstrarkostnað á stuðningstímabilinu er mikilvægt að hafa í huga að fyrirtæki sem ekki halda úti starfsemi hafa oft lítinn sem engan rekstrarkostnað. Þetta á sérstaklega við um fyrirtæki í eigin húsnæði sem skulda lítið.
- ✓ Miklu nær væri að stuðningur ríkisins verði í formi aðstoðar við fyrirtæki í þeirri viðleitni að halda rekstri gangandi. Að öðrum kosti gæti komið til varanlegrar rekstrarstöðvunar.

Rökstuðningur um gildistíma

- ✓ Gildistími úrræðisins er skammur, eða frá og með nóvember 2023 til 30. apríl nk.
- ✓ Hvort sem breyting verður á gildissviði laganna eða ekki er ljóst að sá tími sem lagður er til grundvallar stuðningi er alltof skammur. Ætla má að tekjufall í samræmi við mörk frumvarpsins hafi í sumum tilvikum ekki raungerst fyrr en eftir einn til tvo mánuði.
- ✓ Lok apríl eru einfaldlega handan við hornið og áfram er mikil óvissa um framhald náttúruhamfara við Grindavík og áhrif þeirra á atvinnustarfsemi.
- ✓ Á þessu stigi ætti að lágmarki að miða gildistíma við lok júní 2024 og með það að markmiði að sá gildistími verði endurskoðaður áður en vorþingi lýkur. Æskilegt væri þó að stuðningurinn vari lengur.
- ✓ Nú þegar líður að lokum þessa tímabils er ljóst að ástandið er lítið að breytast og talsverð barátta eftir hjá fyrirtækjum í Grindavík til að aðlaga rekstur sinn að breyttum veruleika.

Öflugt atvinnulíf í Grindavík

Atvinnulíf í Grindavík hefur verið blómlegt undanfarin ár. Þar er öflugur rekstur fyrirtækja í sjávarútvegi auk þess sem þróast hefur öflugur iðnaður tengdur sjávarútvegi. Ferðaþjónusta er einnig sterk á svæðinu.

- ✓ Verðmætasköpun fyrir þjóðarbúið er sennilega hvergi meiri en í Grindavík; eða um 3% af landsframleiðslu, þótt þar búi aðeins 1% þjóðarinnar.
- ✓ Á árinu 2022 voru 144 fyrirtæki með árlega veltu umfram 5 mkr. Samtals veltu þessi fyrirtæki ríflega 72 milljörðum kr. það ár.
- ✓ Þá eru fjölmörg fyrirtæki með höfuðstöðvar annars staðar á landinu með starfsemi í og við Grindavík og fyrirtæki í Grindavík veita hundruðum manna með búsetur utan sveitarfélagsins atvinnu.
- ✓ Áhrif þeirra erfiðleika sem fyrirtæki í Grindavík ganga í gegnum vegna náttúruhamfara ná þannig langt út fyrir sveitarfélagið.

Samráð við fyrirtækin

Atvinnuteymi hefur rætt frumvarpið og áherslur í þessari umsögn við samráðshóp fyrirtækja í Grindavík. Einnig var frumvarpið rætt á opnum fjarfundi með fyrirtækjum í Grindavík. Jafnframt hafa fyrirtæki sent atvinnuteymi ábendingar um atriði sem lúta að frumvarpinu.

Eðli máls samkvæmt eru fyrirtækin ólík, bæði hvað varðar stærð og starfsemi, og sjónarmið geta því verið ólík. Aðstæður fyrirtækja eru því afar mismunandi.

- ✓ Mörg fyrirtæki í Grindavík geta fært hluta starfsemi sinnar annað.
- ✓ Þjónusta við útgerð og fiskvinnslu er sterk í bænum. Sum þessara fyrirtækja geta þjónustað útgerð annars staðar í landshlutanum og hafa gert um langt skeið.
- ✓ Það sama verður ekki sagt um öll fyrirtæki. Þannig verður rekstur gistiheimilis í Grindavík illa fluttur annað. Öll viðskipti slíks fyrirtækis byggjast á að gist sé í Grindavík.



GRINDAVÍKURBÆR

- ✓ Nokkur dæmi eru um verktaka sem voru með íbúðahúsnæði í byggingu þegar náttúruhamfarir urðu. Þær eignir eru óseljanlegar og falla ekki undir ákvæði frumvarps um kaup á íbúðarhúsnæði í Grindavík.

Ofangreind dæmi undirstrika að áhrif náttúruhamfaranna birtast fyrirtækjum með afar mismunandi hætti. Í ábendingum frá fyrirtækjum er annars vegar fjallað um hvernig úrræði frumvarpsins gagnist fyrirtækjum og hins vegar hvers konar önnur aðstoð myndi gagnast fyrirtækjum.

- ✓ Vert er að undirstrika að samhljómur er mikill um að það sem gagnist fyrirtækjunum best er að skapa forsendur til þess að þau geti haldið áfram rekstri, annaðhvort með því að aðlaga reksturinn að aðstæðum í Grindavík, sem flestum hugnast best, eða flytja starfsemi á annan hentugan stað.
- ✓ Þörf er á að líta til lengri tíma með stuðning við fyrirtæki í Grindavík. Markmiðið þarf að vera að fyrirtækin lifi af þær hremmingar sem fylgja náttúruhamförum á svæðinu og þeim aðgangstakmörkunum sem ríkið hefur sett.

Ábendingar um efni frumvarpsins

Úrræði til stuðnings fyrirtækjum sem frumvarpið nær til eru skammtímaúrræði og til þess fallin að halda fyrirtækjum, sem ekki hafa starfsemi vegna afleiðinga náttúruhamfaranna, tímabundið á lífi.

Að veita fyrirtæki rekstrarstuðning vegna tekjufalls á sér fyrirmynd í aðgerðum sem notaðar voru á tímum Covid heimsfaraldurs. Þá var ástandið allt annars eðlis en nú er. Starfsemi fjölmargra fyrirtækja lagðist þá af vegna þess að fyrirtækjunum var meinað að starfa en það gilti líka um birgja þeirra. Viðskiptavinir hurfu tímabundið af markaðnum og starfsmenn voru flestir skyldaðir til að vera heima. Við slíkar aðstæður lagðist rekstur fyrirtækja í dvala. Þegar óhætt var að hefja aftur starfsemi vegna sóttvorna komust allir þessir aðilar í virðiskeðju atvinnurekstrar aftur á stjá og viðskipti þar með. Þá gilti að hafa úthald til að bíða af sér ástandið og markmið aðgerða stjórnvalda var að veita fyrirtækjum það sem gjarnan er kallað „súrefnisgjöf“.

Það ástand sem grindvísk fyrirtæki eru í er allt annars eðlis.

- ✓ Viðskiptavinir eru til staðar og bíða eftir að pantanir séu afgreiddar,
- ✓ Aðfangakeðjan er almennt sterk og áreiðanleg og starfsmenn flestir fúsir að mæta til starfa.
- ✓ Ákvarðanir á grundvelli almannavarnalaga hafa hins vegar meinað fyrirtækjum aðgang að starfsstöðvum sínum, til að sinna starfsemi og bjarga verðmætum. Tíslakanir á þeim ákvörðunum hafa eingöngu snúið að eignavitjun en ekki að verðmætasköpun.
- ✓ Fyrirtækin eiga þá á hættu að viðskiptasambönd rofni. Kaupendur snúi sér annað og starfsmenn leiti annað eftir vinnu. Reynsla og þekking hverfur á braut.
- ✓ Þetta ástand getur ekki leitt til annars en að fyrirtæki sem áður voru traust og arðsöm, höfðu fjölda manns í vinnu og tóku þátt í samfélagi sínu hætti starfsemi þegar þau komast í þrot.
- ✓ Lausnir frá Covid tímanum hafa takmarkaða þýðingu við núverandi kringumstæður.

Fyrirtækjum í Grindavík er síðan í nóvember gert kleift að losa sig undan launagreiðslum en þá með því að færa starfsmenn sína á úrræði Vinnuálagstofnunar sem tekur við að greiða laun en á sama tíma fellur niður réttur til vinnu. Lítil not eru af slíku ráðningarsambandi í rekstri



GRINDAVÍKURBÆR

fyrirtækja. Skylda til greiðslu tryggingagjalds af launum starfsmanns undir þessum kringumstæðum hvílir á vinnuveitanda.

Óvissa er enn mikil

Auk þeirra erfiðleika sem grindvísk fyrirtæki ganga nú í gegnum er óvissa sem fylgir þeim breytingum sem fyrirsjáanlegar eru á högum starfsmanna.

- ✓ Ríkið hefur gert íbúum Grindavíkur tilboð um uppkaup íbúðahúsnæðis. Þetta ber að þakka og mikil þörf er á að leysa úr þeim vanda sem heimili í bænum standa frammi fyrir.
- ✓ Samhliða er óhjákvæmilega mikil hætta fyrir atvinnurekstur í bænum enda viðbúið að þessar breytingar leiði til mikils umróts á vinnumarkaði. Ákjósanlegt væri að fólk héldi vinnunni þó að það flytji tímabundið í burtu til sveitarfélaga á sama atvinnusvæði.
- ✓ Margir fyrirtækjaeigendur myndu helst kjósa að sömu úrræði stæðu þeim einnig til boða.
- ✓ Margir eru hins vegar ákveðnir í að berjast til þrautar og gert allt sem þeir geta til að starfa áfram í Grindavík. En allmargar forsendur þurfa að vera til staðar svo það reynist mögulegt. Fyrst og fremst þarf þó að tryggja öryggi og heimila að dvelja og starfa í bænum a.m.k. á svæðum þar sem það telst forsvaranlegt.
- ✓ Ýmis þjónustustarfsemi hefur engar forsendur til að starfa áfram í Grindavík þegar íbúar eru fluttir a brott. Hér má nefna sem dæmi bakarí, hárgreiðslustofur og veitingastaði.

Lokaorð

Atvinnulíf í Grindavík stendur frammi fyrir miklum áskorunum. Ekki aðeins eru það takmarkanir vegna skerts aðgengis að bænum. Breytingar á búsetu starfsmanna munu hafa áhrif, aukinn kostnaður við rekstur á svæði náttúruhamfara, endurnýjunarþörf og viðhald sem leiðir af jarðskjálftum og afleiðingum þeirra og takmörkun á umferð í bænum frá því sem áður var. Ef það er vilji bæði stjórnvalda og fyrirtækja að verðmætasköpun haldi áfram í Grindavík hljóta einhvers konar tímabundnar ívilnanir og aðstoð hins opinbera að koma til greina. Mætti það þá vera í formi styrkja eða skattalegs hagræðis en í breytingatillögu í þessari umsögn er bent á leið til þess að rekstrarstuðningur taki til launastuðnings.

Ástæða er til að skoða hvaða áhrif þessar breyttu forsendur hafa til lengri tíma. Það á líka við um möguleika þeirra til að bregðast við breyttum aðstæðum og lágmarka tjón sitt. Á þessu stigi er einnig óljóst hvaða tryggingavernd er í boði fyrir fyrirtæki sem munu starfa áfram í Grindavík. Úrræði hvað það varðar er ein af forsendum þess að halda áfram verðmætasköpun í bænum.

Ljóst er að þörf er á fleiri úrræðum til stuðnings fyrirtækja í Grindavík. Sum fyrirtæki hafa einfaldlega ekki möguleika til að aðlagast þessu ástandi. Uppkaup, flutningsstyrkir eða bætur hljóta að koma þar til álita.